

Frumvarp um miðhálandisþjóðgarð
Tryggja samráð og samskipti svo tilgreind markmið náist

PLAN

Núverandi staða

Vanreifuðu frumvarpi varpað inn á vorþingið.

Markmið (SMART – Sérþækt, Mælanlegt, Ávinningur, Raunhæft, Tímasett)

1. Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
2. Gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins.
3. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.
4. Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.
5. Stuðla að rannsóknum og fræða um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
6. Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, m.a. með að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.
7. Vera vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar.
8. Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.
9. Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrfarslegu og menningarlegu tilliti sem sameiginlegar eignar íslensku þjóðarinnar.
10. Stuðla að samvinnu og samstarfi við starf félaga og sjálfbóðaliða um málefni landsvæðisins.

Hindranir / Áhættur

Sú rammaáætlun sem liggur til grundvallar sjónarmiða í frumvarpinu er ágætlega unnin út frá sjónarmiðum náttúruverndar og umhverfisstöð sjálfbærnihugtaksins, en áhrif á efnahag og samfélag er vanreifuð.

Skortir stefnu um auðlindanýtingu á hálendi, m.a. orkunýtingu.

Hlutur sveitarfélaga í skipulagsmálum, m.a. gerð og ábyrgð svæðisáætlana er fyrirbyggjandi og gengur eigna-/afnotaréttur framur frumvarpinu

Þörf á ítarlegri hagsmunaaðilagreiningu

- Sveitarfélög
- Landeigendur
- Ferðaþjónustuaðilar
- Landsbyggðafólk
- Loftlagsmarkmið
- Möguleikar barnanna okkar
- ...

Framtíðarstaða

Heitið Vatnajökulsþjóðgarður notað, ekki vinnuheiti eins og miðhálandisþjóðgarður.

Rammaáætlun byggð á samráði, ekki ógn eða yfiringangi.

Allar stoðir sjálfbærni (efnahagur, umhverfi og samfélag) traustar.

Kostnaðar- og ábatagreining fyrirbyggjandi.



DO

| Verkþáttur | Ábyrgð | Tímamörk | Framgangur / lok |
|--|---------------|------------|------------------|
| Gerð verkáætlunar | UoAráðherra | 30.06.2020 | |
| Skilgreina tilgang og markmið á mánnamáli | UoAráðherra | 30.06.2020 | |
| Skilgreina SMART | UoAráðherra | 30.06.2020 | |
| Samhæfing við auðlindanýtingu | Ráðherranefnd | 31.12.2020 | |
| Samhæfing við rammaáætlun | Ráðherranefnd | 31.12.2020 | |
| Útvíkkun Vatnajökulsþjóðgarðs | UoAráðherra | 31.12.2020 | |
| Skráning efnisatriða í markmiðum | UoAráðherra | 31.12.2020 | |
| Samráð við sveitarstjórnir og samtök þeirra | UoAráðherra | 30.06.2021 | |
| Samráð við aðila sem standa utan frumvarpsins* | UoAráðherra | 31.12.2021 | |
| Ábatagreining | UoAráðherra | 31.12.2021 | |
| Framlagning frumvarps | UoAráðherra | 31.12.2021 | |

- T.a.m. ferðaþjónustuaðilar, sauðfjárbændur, ferðafélög, áhugafólk um vernd og kynningu menningarlandslags, Vegagerðin, Landsnet...

CHECK

Horfið frá einstrengislegri náttúruvernd og t.d. hugtökin „menningarlandslag“ og „frumbyggjar“ komin inn eins og í öðrum síðuðum löndum.

Heildstæð greining sem gæfi grundvöll fyrir mælanlegum árangri er ekki til. T.d. fornminjar innan skilgreiningar á hálendi (þar með talið miðhálandi).

Endurskilgreina miðhálandisþjóðgarð sem stærri Vatnajökulsþjóðgarð yfir vatnasvið Jökulsár á Fjöllum (án Kreppu), Möðrudal, Grímsstaði og svæði frá Núpsvötnum að og með Lónsöræfum.

Formlegt samráð við hagsmunaaðila, m.a. ályktanir frá sérhverri sveitarstjórn á Íslandi.

ACT

Tvennt verður að gera í frumvarpsdrögunum svo rammaáætlun sé ekki marklaus:

*setja inn orðalagið «gildandi rammaáætlun», þ.e. flokkun (nýting, bið, vernd) virkjunarkosta sé ekki meitlað í stein af núverandi valdhöfum heldur sé komandi löggjafarþingum gefinn kostur á enduhögun á málefnalegan máta.

*að bæta við orðalagi svo vinna megi með virkjanir í nýtingarflokki OG biðflokki.

Eigandi: Ísland

Verkefnisstjóri:

Alþingi

Teymi:

Umhverfis- og auðlindaráðherra, hagaðilar